

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 120/1955. Ákærvaldið (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðbirni Helga Ríkarðssyni

(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Fjársvik. Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, en að því er varðar þau lagaboð, sem ákærði er talinn hafa brotið, ber að athuga þetta:

Taka gleraugna úr vasa annars manns með þeim atvikum, sem greinir í kafla III í héraðsdómi, varðar við 244. gr. laga nr. 19/1940. Með óhæfilega hröðum akstri bifreiðarinnar R 2275, sem greint er frá í sama kafla héraðsdóms, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941 svo og 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 24/1941 auk þeirra lagaboða, sem í héraðsdómj greinir.

Refsing ákærða, sem hefur áður verið dæmdur fyrir auðg-unarbrot og fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum, þyk-ir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæsta-rétti, kr. 800.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið ódæmt þjófnaðarbrot ákærða að morgni 3. febrúar 1955, er hann stal einni whiskyflösku og 5 pökkum af vindlingum úti í v/s Helgafelli, svo sem segir í 1. lið ákæruskjals. Þá hefur héraðs-dómari ekki rannsakað og látið ódæmda skaðabótakröfu Gísla Óskars Guðmundssonar á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 1100.00.

Loks hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að inná eiganda hljóðfæris þess (trompets), sem um ræðir í kafla IV í héraðsdómi, eftir skaðabótakröfu af hans hálfu á hendur ákærða út af sölu hljóðfæris þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkarðsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. maí 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 17. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1833/1955: Ákærvaldið gegn Guðbirni Helga Ríkarðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu 11. þ. m., er Guðbjörn Helgi Ríkarðsson verkamaður, Eiríksgötu 11, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin brot:

1) Aðfaranótt miðvikudagsins 3. febrúar s.l. tekið að ófrjálsum um borð í m/s Helgafelli, sem lá hér í höfninni, 69 bandaríska dollara og 60 krónur íslenskar svo og fyrir að hafa nefndan miðvikudag tekið að ófrjálsum í sama skipti 1 flösku af whisky og 5 vindlingapakka, en brot þessi teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) Aðfaranótt miðvikudagsins 25. febrúar s.l. tekið bifreið á leigu hér í bænum og látið aka með sig um bæinn, þótt hann hefði eigi fé fyrir ökugjaldinu, sem hann leyndi bifreiðarstjóranum. Brot þetta telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

3) Aðfaranótt mánudagsins 28. febrúar s.l. neytt áfengis á dansleik í Þórscafé við Hverfisgötu hér í bæ og tekið að ófrjálsum úr jakkavasa manns nokkurs þarna sólgleraugu. Teljast brot þessi

varða við 245. gr. almennra hegningarlaga og við 1. mgr. 20. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

4) Síðastnefnda nótt ekið bifreiðinni R 2275 ölvaður, hratt og ógætilega víðs vegar hér um bæinn, m. a. eftir Langholtsvegi, þar sem hann ók á umferðarsteina. Brot þau, er undir þessum tölulíð greinir, þykja varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á þeim lögum svo og við 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

5) Nú á s.l. vetri selt í heimildarleysi blásturshljóðfæri, trompet, sem hann hafði að láni frá Þórði Haraldssyni messapjóni, Hverfisgötu 108, hér í bæ, og slegið eign sinni á andvirðið. Telst þetta brot varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 11. febrúar 1935 hér í bæ, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1949 13/6 Rvík Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.
 1950 14/7 Rvík Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
 1950 6/10 Rvík Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
 1950 17/10 Rvík Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli. Sent barnaverndarnefnd.
 1952 8/5 Rvík Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt með skaðabótum.
 1952 26/6 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.
 1953 18/3 Rvík Kærður fyrir innbrot og þjófnað o. fl. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.
 1953 13/4 Rvík Dómur: 1000 króna sekt, 6 mánaða ökuleyfis-svipting fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
 1953 12/5 Rvík Kærður fyrir þjófnað á áfengi. Fellt niður.
 1953 5/12 Rvík Áminning fyrir ölvun á dansleik
 1953 23/12 Rvík Áminning fyrir ölvun í bifreið.
 1954 9/2 Rvík Sátt: 200 króna sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

- 1954 8/5 Rvík Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.
- 1954 8/6 Rvík Áminning fyrir óspektir.
- 1954 7/10 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1954 30/10 Rvík Sátt: 150 króna sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1955 21/1 Dómur: Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.
- 1955 31/1 Rvík Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1955 22/1 Rvík Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Málavextir eru sem hér segir:

I.

Aðfaranótt 3. febrúar s.l. fór ákærði um borð í m/s Helgafell, sem lá hér í höfninni. Með ákærða var maður að nafni Unnar Ágústsson. Var hann drukkin og sofnaði í klefa í skipinu. Eftir það fór ákærði ofan í skúffu þarna í klefanum og tók þar 69 bandaríkjadollara, er geymdir voru þar og voru eign Bergs Sólmundssonar skipverja. Var þetta einn 50 dollaraseðill, einn 10 dollara og níu 1 dollars seðlar. Einnig tók hann 60 krónur í íslenzkum peningum úr vasa á jakka, er hékk í klefanum. Ákærði seldi dollarana og notaði peningana, er hann fékk fyrir þá, til drykkjuskaparóreglu.

Hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt hins 25. febrúar s.l., um kl. 0.30, stöðvaði ákærði leigubifreið í miðbænum og fór inn í hana ásamt fólki, er með honum var. lét hann síðan aka um bæinn stundarlangt. Um síðir rak hann samferðafólk sitt út úr bifreiðinni í Austurstræti og lét síðan aka heim til sín. Skýrði hann þá ökumanninum frá því, að hann ætti enga peninga. Nam ökugjaldið kr. 90.00. Lofaði ákærði að greiða það síðar, en efndi það ekki. Hefur bifreiðarstjórinn, Sigurður Jóhannsson, krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 90 krónur, og verður krafan tekin til greina.

Ákærði hefur með því atferli, er nú var lýst, brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Sunnudagskvöldið 27. febrúar s.l. var ákærði á dansleik í Þórs-café. Neytti hann þar áfengis. Á dansleiknum tók hann að eigin sögn dökk gleraugu úr vasa einhvers manns og stakk á sig. Af dansleiknum fór ákærði í fylgd með kunningja sínum Ingvari Diðrik Júníussyni. Fóru þeir að gömlu Mjólkurstöðinni við Snorra-braut og tóku þar í heimildarleysi bifreiðina R 2275, sem er sendiferðabifreið, eign Mjólkurstöðvarinnar. Átti ákærði allt frumkvæði að tóku bifreiðarinnar og kom henni í gang og stýrði henni, en Ingvar Diðrik kom einnig með. Ók ákærði nokkuð um bæinn, en síðan sem leið lá inn á Langholtsveg. Er hann var á leið norður Langholtsveginn, ók hann að eigin sögn á miklum hraða. Missti hann vald á bifreiðinni, og lenti hún utan í steini hægra megin á veginum. Við það fór af hjólbarði á hægra afturhjóli, og drifskaft bifreiðarinnar brotnaði og lá niðri. Rann bifreiðin eftir þetta ca 100 metra, áður en hún stöðvaðist. Ingvar Diðrik telur, að ákærði hafi ekið á Langholtsvegi með ca 100 km hraða, miðað við klukkustund. Ákærði viðurkennir, að hann hafi ekið hratt, enda benda aðstæður eindregið til þess, sbr. það, er áður var lýst.

Refsikrafa var ekki gerð vegna töku bifreiðarinnar.

Ákærði hefur játað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Varðar það við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög 6/1951. Hann er sannur að því að hafa ekið með óheyrilega miklum hraða og þykir með því hafa brotið gegn 2. og 4. mgr. 26. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 46. sbr. 96. gr. lögreglu-samþykktar nr. 2/1930. Með töku sólgleraunnanna hefur hann brotið gegn 245. gr. almennra hegningarlaga. Með áfengisneyzlu á veitingastað hefur hann brotið gegn 20. gr. sbr. 43. gr. laga nr. 58/1954. Önnur lagaboð, er greinir undir 3—4 í ákæru, þykir hann ekki hafa brotið.

Mjólkursamsalan hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða bætur, að upphæð kr. 2202.00, vegna skemmda á bifreiðinni. Hefur verið lagður fram sundurliðaður reikningur yfir viðgerðarkostnað. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

IV.

Í vetur fékk ákærði léðan trompet hjá kunningja sínum Þórði Haraldssyni. Hugðist hann reyna að æfa trompetleik. Daginn eftir var ákærði ölvaður. Seldi hann þá trompetinn í verzluninni Rín

fyrir 500 krónur, er hann eyddi. Trompetinn var síðan seldur í verzluninni, og er eigi vitað, hver keypti hann. Skaðabótakrafa hefur ekki komið fram út af þessu.

Ákærði hefur með nefndu atferli brotið gegn 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

V.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt.

Dæma ber ákærða til greiðslu bóta samkvæmt því, er að fram-
an greinir, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkarðsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að því leyti.

Ákærði greiði Sigurði Jóhannssyni kr. 90.00 og Mjólkur-
samsölunni kr. 2202.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
